Reykjavík, 23. júní 2018
R18060129
100
HBL/bþ

Forsætisnefnd

***Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar***

Á fundi borgarstjórnar 19. júní 2018 var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar forsætisnefndar:

> Lagt er til að 68. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar breytist þannig að 1. mgr. verði svohljóðandi: Fulltrúum flokka í borgarstjórn sem ekki fá fulltrúa kjörinn í fastanefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar